

## Fundargerð

3. aðalfundar Leiknar- samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2008 kl. 12.00 að Skeifunni 8 í Reykjavík

Dagskrá fundarins var samkvæmt 12. grein samþykktá samtakanna.

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kjör stjórnar (þegar við á)
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Eftirfarandi mættu á fundinn: Finnur Þ. Gunnþórsson, Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði, Hulda Ólafsdóttir, Mími-símenntun, María Hildipórsdóttir, Fjölmennt, Óli Halldórsson, Þekkingarsetri Þingeyinga, Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Emil Björnsson, Fræðsluneti Austurlands en hann tók þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

Áður en gengið var til dagskrá var samþykkt að Smári Haraldsson yrði fundarstjóri og Hulda Ólafsdóttir fundarritari.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður Leiknar, Smári Haraldsson flutti skýrslu stjórnar. Þar komu fram upplýsingar um þá stefnu sem stjórnin markaði um að dagleg umsýsla fyrir Leikn skyldi fylgja formanni og var því gerður samningur milli Leiknar og Fræðslumiðstöð Vestfjarða þar um.

Heimasíða Leiknar er nú komin í gagnid undir slóðinni [www.leikn.is](http://www.leikn.is). Síðan er að mestu opin öllum. Þó er undirsíða sem kallast Innranet lokuð og þarf aðgangsorð til að komast þar inn. Um er að ræða upplýsingasíðu en ekki fréttasíðu. Gerð heimasíðunnar var styrkt af menntamálaráðuneytinu.

Formaður rakti verkefni Leiknar á árinu en ræddi sérstaklega stöðu Leiknar og framtíðarhlutverk. Í því sambandi ræddi hann sérstaklega tengsl Leiknar og Kvasis. Skýrslu formanns má lesa í heild sinni á heimasíðu Leiknar.

### 2. Endurskoðaðir reikningar

Guðjónína Sæmundsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningarnir höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Gjaldkeri var beðinn um að skýra liðinn ógreiddir reikningar og upplýsti að þessir reikningar væru greiddir nú en hefðu ekki verið það um áramót og því er gert grein fyrir þeim í ársreikningi. Reikningarnir voru því næst samþykktir samhljóða.

Margir fundarmanna tóku til máls undir þessum lið og þökkðu formanni fyrir skýrsluna og hans störf í þágu félagsins sl. ár. Það var einkum tvennt úr skýrslu formanns sem var rætt undir þessum lið. Annars vegar um hverjir eigi aðild að samtökunum og hins vegar um samstarf Leiknar og Kvasis.

Bent var á að í upphafi hefði verið ákveðið að byrja með þröngt skilgreindan hóp sem gæti verið aðili að samtökunum. Á þeim tíma var lögð áhersla m.a. að aðgreina Leikn frá Mennt sem nú er hætt og því spurning hvort ekki eigi að endurskoða tengsl við framhaldsskólana. Um helmingur félagsmanna Leiknar er í Kvasi, sem er mjög öflugt og rótgróið félag. Erfitt er að halda úti félagi þar sem 50% félaga eru með annan vettvang. Fram kom að Kvasir er félag þar sem mikið af sameiginlegum málefnum snýr að framkvæmdaratriðum á meðan Leikn er meira að huga að yfirliti og yfirsýn yfir sviðið og er stefnumarkandi félag á sviði fullorðinsfræðslu.

Formaður Kvasis, Óli Halldórsson, kynnti fyrir fundarmönnum tillögur stjórnar Kvasis um málið. Þar kom fram:

- Kvasir starfi áfram í óbreyttri mynd sem samtök fræðslu-/símennunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
- Samtökin Leikn verði heildarsamtök allra fullorðinsfræðsluaðila á landsvísu (opnuð fyrir fleiri aðila ef stjórn Leiknar telur það efla og bæta starfsemina).
- Haldinn verði einn árs-/aðalfundur hjá hvorum samtökum, Kvasi og Leikn, annar að hausti og hinn að vori. Samráð verði haft um fyrirkomulag, staðsetningu og skipulag fundanna.
- Kvasir haldi félagsfund í tengslum við ársfund Leiknar (vor eða haust eftir því sem ákveðið verður). Þannig haldast regluleg fundarhöld Kvasis eins og verið hefur, þrátt fyrir að Leikn taki yfir umsjón annars fundarins (vor eða haust).

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

- Stjórn Leiknar er falið að skoða stækkun Leiknar
- Stjórn Leiknar taki upp viðræður við stjórn Kvasis um sameiginlegan ársfund félaganna.

Málefni fatlaðra í fullorðinsfræðslu bar einnig á góma og var upplýst að verið sé að skilgreina hvaða hópum fatlaðra Fjölmenn á að sinna. Fram kom að æskilegt væri að hefja umræðu um stöðu fatlaðra í símenntun og gæti Leikn átt frumkvæði í því sambandi. Upplýst var að ýmsir innan Kvasis sinni öllum óháð fötlun og Mímir hefur einnig aukið samstarf við Fjölmenn og Félag heyrnalausra varðandi menntunarræði fatlaðra og heyrnarskertra og möguleika á samstarfi.

Í lok máls síns tilkynnti formaður að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í Leikn og þakkaði stjórn fyrir ánægjulegt samstarf.

4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld  
Fjárhagsáætlun Leiknar fyrir 2008 var kynnt af gjaldkera og eru tekjur áætlaðar 905.000 kr. en útgjöld 987.300 kr. Rekstrartap er því áætlað 73.300 kr. Þessi áætlun tekur mið af því að félagsgjöld hækki í 45.000 kr. en þau voru 35.000 kr. Nokkur umræða varð um þessa hækkun og rætt um að mikilvægt væri að leita fleiri leiða til tekjuöflunar en félagsgjöldin. Þar sem Leikn á yfir 1.0 m.kr. á reikningi töldu fundarmenn það ásættanlegt að vera með fjárhagsáætlun sem sýnir tap upp á rúm 70 þúsund og var hún samþykkt.
5. Lagabreytingar  
Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir.
6. Kosning formanns  
Formaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs og lagði til að Guðjónína Sæmundsdóttir yrði kjörinn formaður og var það gert samhljóða.
7. Kjör stjórnar  
Öll stjórnin nema Smári Haraldsson gaf kost á sér til endurkjörs. Emil Björnsson var samhljóða kjörinn í stjórn, hann var áður varamaður. Björg Árnadóttir mun hætta sem forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur og hættir því sem varamaður. Tveir nýir varamenn voru kjörnir samhljóða og voru það þau: Finnur Þ. Gunnþórsson og María Hildipórsdóttir.
8. Kosning skoðunarmanna reikninga  
Tveir skoðunarmenn voru kjörnir samhljóða en það eru þau Kristín Jónsdóttir, Kvöldskóla Kópavogs og Smári Haraldsson.
9. Önnur mál  
Engin önnur mál voru á dagskrá.  
Í lok fundar þakkaði varaformaður fyrir hönd Leiknar Smára fyrir vel unnin störf í þágu félagsins en hann hefur starfað sem formaður frá upphafi og tók jafnframt þátt í undirbúningi að stofnun félagsins.  
  
Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari: Hulda Ólafsdóttir